

inn

Knattspyrnuvísur.

Hinir ungu menn vorir skulu hafa þökk fyrir það, hvern áhuga þeir sýna af sjer á líkamsælingum og íþróttum, og að sumu leyti hafa ýmsir þeirra sýnt það, að vjer eigum til hrausta unga menn, er ekki standa annara þjóða mönnum á baki á þeirra reki. En íþróttamenn vorir gerðu vel í því að gæta þess, að íþróttir vorar eru enn í bernsku, og á ýmsan hátt skamt á veg komnar; þyrftu þeir því að vera varkár-ir um það að trana sjer ekki um of fram í öðru en því, sem þeir vita, að þeir sje nokkurn veginn hlutgangir í, svo að landsmönnum verði ekki leiðindi ein og harmur að frammistöðu þeirra. En þvílíkrar varkárni þykir mönnum ekki hafa altjend verið gætt nægilega af þeirra hendi. Fyrir nokkru buðu knattspyrnumenn vorir dönskum knattspyrnumönnum til kapps, og er ekki öllum enn úr minni liðið, hversu vorir menn urðu þar að lúta í lægra haldi. Ekki hefir sú hrakför samt orðið nóg kenn-ing fyrir landann, því að í ár hafa þeir nú boðið Skotum upp á sig til knattspyrnuats. Hefir mörgum sárnað að sjá og heyra, hve áþreifanlega landsmenn vorir hafa orðið undir þeim leik, og gramist hefir þeim, er kveðið hefir þar um þessar vísur, sem Skirnir hafa borist:

Íslensk skeini skemta sjer
við Skota í spyrnu-ati,
frammistaðan frækin er:
fjórtán á móti gati.

Og enn: Nú mega skeinin skammast sín
við Skota í spyrnu-ati.
Nú má tala um tvítugt grín:
tuttugu á móti gati.

Bögur þessar þyrftu að verða hlutaðeigendum minnistæðar til var-ygðar í framtíðinni, því að metnaðarlaust er landsmönnum ekki um íþrótt-a-menn sína, og undanþiggja vill Skirnir þá skeynisheitinu.

Eftir Fornólf